

Aðalfundur Faxaflóahafna 2025

FUNDARGERÐ

Ár 2025, miðvikudaginn 4. júní var aðalfundur Faxaflóahafna sf. fyrir starfsárið 2024 haldinn í sal á 3. hæð Hafnarhússins við Tryggvagötu 17, Reykjavík. Formaður stjórnar Faxaflóahafna Líf Magneudóttir, setti fundinn, bauð fundargesti velkomna og gerði tillögu um Magnús Baldursson lögmann sem fundarstjóra og Tinnu Jóhannsdóttur ritara hafnarstjóra, sem fundarritara. Tillagan var einróma samþykkt.

Fjörusteinninn – umhverfisviðurkenning Faxaflóahafna

Líf upplýsti að áður en venjuleg aðalfundarstörf hæfust muni hafnarstjórn veita umhverfisviðurkenningu Faxaflóahafna - Fjörusteinninn. Fjörusteinninn er veittur fyrirtæki á hafnarsvæðunum sem sýnt hefur framsækni í umhverfismálum og verið til fyrirmyndar hvað varðar frágang á lóð og snyrtilegt umhverfi. Viðurkenning þessi er veitt á 2ja ára fresti. Líf gaf Gyðu Mjöll Ingólfsdóttur, gæða og umhverfisstjóra Faxaflóahafna, orðið.

Gyða Mjöll tilkynnti að Hampiðjan ehf., Skarfagörðum 4, Reykjavík, hljóti viðurkenninguna að þessu sinni ásamt því að fara yfir rökstuðning fyrir vali á fyrirtækinu, en Hampiðjan hefur unnið skipulega og markvisst að kortlagningu losunar gróðurhúsalofttegunda starfseminnar með það að markmiði að greina tækifæri til að draga úr losun. Fyrirtækið hefur jafnframt lagt áherslu á nýsköpun og þróun veiðafæra og veiðafæratækni í því skyni að auðvelda endurvinnslu þeirra. Líf afhenti síðan Hirti Erlendssyni forstjóra Hampiðjunnar Fjörusteinninn og óskaði honum og starfsmönnum fyrirtækisins til hamingju.

Hjörtur hélt stutta tölu fyrir hönd Hampiðjunnar og þakkaði fyrir viðurkenninguna. Með honum í för voru þau Jón Oddur Davíðsson framkvæmdastjóri Hampiðjunnar Ísland, Árni Skúlason framleiðslustjóri, Georg Haney umhverfisstjóri og Ólöf Snæhólm Baldursdóttir upplýsinga-fulltrúi.

Fundarstjóri gerði síðan grein fyrir því að löglega hafi verið boðað til fundarins og upplýsir að mætt væri á fundinn af hálfu allra eignaraðila. Eftirtaldir voru fulltrúar eigenda á fundinum;

- | | |
|--------------------------|---|
| f.h. Reykjavíkurborgar: | Heiða Björg Hilmisdóttir, borgarstjóri |
| f.h. Akraneskaupstaðar: | Haraldur Benediktsson, bæjarstjóri |
| f.h. Hvalfjarðarsveitar: | Andrea Ýr Arnarsdóttir, oddviti |
| f.h. Borgarbyggðar: | Stefán Broddi Guðjónsson, sveitarstjóri |
| f.h. Skorradalshrepps: | Jón E. Einarsson, oddviti |

Engar athugasemdir voru gerðar við fundarboð og var gengið til dagskrár skv. grein 4.1. í sameignarfélagssamningi fyrir félagið.

1. Skýrsla stjórnar

Líf Magneudóttir óskaði eftir að Þórdís Lóa Þórhallsdóttir f.v. formaður stjórnar skýrði frá hag félagsins og rekstri á liðnu starfsári. Þórdís Lóa fór yfir það helsta sem stjórn og félagið tókst á við á árinu.

2. Efnahags- og rekstrarreikningur

Gunnar Tryggvason hafnarstjóri fer yfir reikninga félagsins.

Kom fram í máli Gunnars að tekjur hafi verið yfir áætlunum sem helgast aðallega af aukinni sölu nýrra þjónustuliða til skemmtiferðaskipa auk þess að nýjum samningum við stóriðjurnar á Grundartanga hafi leitt til tekjuaukningar. Gjöld voru einnig yfir áætlunum en með minna fráviki. EBITDA var því 20% yfir áætlun.

Efnahagur félagsins óx í fyrsta sinn í mörg ár og er umfram afskriftir. Sjóðsstaða er há og handbært fé hækkar milli ára (úr 4 mlkr í 4,8 mlkr). Gunnar nefndi jafnframt til að stjórn félagsins hafi lagt fram tillögu að arðgreiðslustefnu fyrir félagið. Það sé nú eigenda að taka ákvörðun um framhaldið.

Jafnframt kom fram í máli Gunnars að starfsánægja hafi aldrei mælst meiri og hún aukist jafnt og þétt. Slysum hafi jafnframt fækkað. Reksturinn sé því í góðum farvegi að mati stjórnenda. Fundarstjóri lýsti eftir athugasemdum eða spurningum um ársreikninginn og skýrslu stjórnar. Engar athugasemdir voru gerðar. Ársreikningurinn var samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

3. Ákvörðun um meðferð hagnaðar félagsins

Fundarstjóri kynnti svohljóðandi tillögu stjórnar:

Hafnarstjórn gerir þá tillögu til aðalfundar að arðgreiðsla til eigenda verði 1.169 milljónir króna. Tillagan er í samræmi við arðgreiðslustefnu sem samþykkt var af hafnarstjórn á 233. fundi hennar þann 30. júní 2023 og að uppfylltum skilyrðum 3. gr. reglugerðar nr. 798/2009 um Faxaflóahafnir.

Fyrir fundinum lá jafnframt eftirfarandi tillaga frá Reykjavíkurborg:

Úttekt vegna afkomu rekstrarársins 2024 verði að lágmarki 1.169 milljónir króna.

Engar frekari tillögur bárust. Fundarstjóri bar upp tillögu Reykjavíkurborgar undir eigendur sem samþykktu hana samhljóða.

4. Tillaga stjórnar um stefnumörkun og framtíðarsýn sbr. gr. 5.5 og skýrsla um framkvæmd stefnunnar og árangur af innleiðingu hennar

Gunnar Tryggvason hafnarstjóri kynnti nýja stefnu og framtíðarsýn félagsins ásamt því að fjalla um áherslur og árangur af gildandi stefnu. Fram kom í máli Gunnars að Faxaflóahafnir eru og vilja vera fyrirmynd á sviðum tækni og grænna lausna. Félagið er t.a.m. fyrsta höfnin utan Noregs sem hefur tekið upp refsikerfi gagnvart umhverfissóðum. Fyrst um sinn gildir kerfið um skemmtiferðaskip en stefnt er að útvíkkun þess. Gunnar sagði frá helstu verkefnum sem unnið er að; bygging farþegamiðstöðvar við Skarfabakka, lenging hafnargarðs á

Akranesi og landtengingarverkefni.

Fundarstjóri leitaði staðfestingar eigenda á stefnunni sem var samþykkt samhljóða.

5. Tillaga stjórnar um stefnu um fjármagnsskipan, sbr. gr. 5.5. og skýrsla um framkvæmd stefnunnar og árangur af innleiðingu hennar

Fundarstjóri upplýsti að tillaga stjórnar um arðgreiðslustefnu hafi verið lögð fram á síðustu tveimur aðalfundum en afgreiðslu málsins verið frestað í báðum tilvikum. Fyrir fundinum lá tillaga frá Reykjavíkurborg um að tillögu stjórnar verði vísað til umfjöllunar í sameiginlegum hópi eigenda um fjármagnsskipan Faxaflóahafna og boðað verði til sérstaks eigendafundar að aflokinni þeirri umfjöllun.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

6. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu sbr. gr. 5.5. og skýrsla um framkvæmd hennar og árangur af innleiðingu hennar

Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar um óbreytta starfskjarastefnu, sem samþykkt var af eigendum á aðalfundi 2023.

Gyða Mjöll Ingólfssdóttir, gæða- og umhverfisstjóri Faxaflóahafna fór yfir framkvæmd stefnunnar og árangurinn af innleiðingu hennar.

Engar athugasemdir eða spurningar voru settar fram af hálfu fundarmanna. Óbreytt stefna kallar ekki á staðfestingu eigenda.

7. Ákvörðun skal tekin um þóknun til stjórnarmanna og nefndarmanna hafi undirnefndir stjórnar verið skipaðar, fyrir störf þeirra á komandi starfsári

Fundarstjóri bar upp tillögu um að stjórnarlaun skulu samsvara flokki 2 í launakerfi fastra nefnda hjá Reykjavíkurborg og að formaður fái tvöföld stjórnarlaun. Tillagan var samþykkt samhljóða.

8. Kjöri stjórnar lýst, sbr. grein 5.1.

Fundarstjóri kynnti og staðfesti tilnefningar eigenda til stjórnar félagsins. Aðal- og varamenn í hafnarstjórn eru eftirtaldir:

Frá Reykjavíkurborg:

Aðalmenn:

Líf Magneudóttir, formaður

Hildur Björnsdóttir

Már Músson

Ragnheiður H. Magnúsdóttir

Varamenn:

Sanna Magdalena Mörtudóttir

Friðjón R. Friðjónsson

Íris Baldursdóttir

Sigurbjörg Ásta Jónsdóttir

Frá Akraneskaupstað:

Aðalmaður:

Guðmundur Ingbór Guðjónsson

Varamaður:

Ragnar B. Sæmundsson

Frá Hvalfjarðarsveit:

Aðalmaður:

Helga Harðardóttir

Varamaður:

Andrea Ýr Arnarsdóttir

Sameiginlegur óháður fulltrúi Akraneskaupstaðar, Borgarbyggðar og Hvalfjarðarsveitar:

Aðalmaður:

Páll Brynjarsson

Varamaður:

Guðjón H. Guðmundsson

9. Kosning löggilts endurskoðanda fyrir félagið í samræmi við 7. gr.


Lagt var til að Grant Thornton endurskoðun ehf. fari með endurskoðun reikninga félagsins. Tillagan var samþykkt samhljóða.

10. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.


Engin mál var borin upp undir þessum dagskrárlið og lýsti fundarstjóri dagskrá fundarins því tæmda.

Fundarstjóri óskar eftir heimild til þess að fundarstjóri og fundarritari gangi frá fundargerð og sendi eigendum rafrænt. Ósk fundarstjóra var samþykkt samhljóða.

Fundi var slitið kl. 15:56.



Magnús Baldursson, fundarstjóri



Tinna Jóhannsdóttir, fundarritari